# VBS fjárfestingarbanki hf.

## Árshlutareikningur

## 30. júní 2009

VBS fjárfestingarbanki hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
kt. 621096-3039

# Efnisyfirlit


| | | | |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........... | 3 | Yfirlit um breytingar á eigin fé ....................... | 7 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .......... | 4 | Sjóðstreymisyfirlit .......................................... | 8 |
| Rekstrarreikningur ........................................ | 5 | Skýringar ...................................................... | 9 |
| Efnahagsreikningur ........................................ | 6 | | |

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir árshlutareikninga (IAS 34).

Tap varð af rekstri bankans fyrstu sex mánuði ársins 2009 að fjárhæð 4.325 millj. kr. samanborið við 871 millj. kr. tap á sama tímabili fyrra árs. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 40.033 millj. kr. og er bókfært eigið fé í lok tímabilsins 4.739 millj. kr. Eiginfjárhlutfall samkvæmt ákvæðum 84. greinar laga um fjármálafyrirtæki var í lok júní 15,2% en sambærilegt hlutfall í árslok 2008 var 17,4%.

Í lok tímbilsins voru hluthafar 101 samanborið við 103 í upphafi árs og nam nafnverð útistandandi hlutafjár 454 millj. kr. í lok júní.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur bankans í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu bankans 30. júní 2009 og rekstrarafkomu bankans og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2009.

Stjórn og forstjóri VBS fjárfestingarbanka hf. staðfesta hér með árshlutareikning bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2009

Í stjórn:

Páll Magnússon

Páll Þór Jónsson

Willum Þór Þórsson

Þröstur Leósson

Frank Pitt

Forstjóri:

Jón Þórisson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar VBS fjárfestingarbanka hf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuárshlutareikning VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur bankans eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum.* Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun okkur felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu bankans á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

**Ábending**

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við benda á að í framhaldi af falli íslensku viðskiptabankanna þriggja í október 2008 skapaðist veruleg óvissa um fjármögnun bankans. Frá þeim tíma hefur verið unnið að varanlegri lausn á fjármögnun bankans. Þá viljum við benda á skýringu 21 þar sem fjallað er um hugsanleg áhrif óinnleiddra ákvæða í tilskipun Evrópusambandsins á eiginfjárhlutfalli bankans.

Reykjavík, 31. ágúst 2009

***KPMG hf.***

Sigurður Jónsson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2009

| | Skýr. | 1.1.-30.6 2009 | 1.1.-30.6 2008 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | | 1.781.912 | 3.159.081 |
| Vaxtagjöld | | ( 3.138.434) | ( 2.825.083) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | ( 1.356.522) | 333.998 |
| Hreinar þóknanatekjur | | 71.609 | 447.498 |
| Arðstekjur | 5 | 62.593 | 59.196 |
| Hrein gjöld af veltufjáreignum og veltufjárskuldum | 6 | ( 40.904) | ( 286.791) |
| Hrein gjöld af öðrum fjáreignum á gangvirði i rekstur | 7 | ( 168.704) | ( 397.309) |
| Gengismunur | | 88.939 | ( 84.017) |
| Aðrar tekjur | 8 | 2.222.539 | 45.430 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 879.549 | 118.006 |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | ( 227.581) | ( 298.543) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 177.813) | ( 162.721) |
| Afskriftir | | ( 159.667) | ( 12.101) |
| Virðisrýrnun | 10 | ( 5.191.184) | ( 764.974) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | ( 4.876.696) | ( 1.120.334) |
| Tekjuskattur | | 552.144 | 249.370 |
| **Tap tímabilsins** | | ( 4.324.552) | ( 870.964) |
| Tap á hlut | | ( 9,5) | ( 1,9) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2009

| Eignir: | Skýr. | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|---|
| Handbært fé | 11 | 16.071 | 194.296 |
| Kröfur á lánastofnanir | | 8.752.494 | 13.304.910 |
| Útlán og kröfur | 12 | 19.133.461 | 26.442.809 |
| Veltufjáreignir | 13 | 309.430 | 2.074.551 |
| Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur | 14 | 504.311 | 1.315.144 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 62.539 | 259.820 |
| Rekstrarfjármunir | | 92.652 | 104.739 |
| Fjárfestingaeignir | | 4.997.211 | 6.099.425 |
| Fastafjármunir til sölu | 16 | 6.118.876 | 6.154.202 |
| Aðrar eignir | 17 | 46.003 | 322.721 |
| **Eignir samtals** | | 40.033.047 | 56.272.617 |
| **Skuldir:** | | | |
| Lántaka | 18 | 32.861.056 | 44.369.577 |
| Víkjandi lán | 19 | 1.142.817 | 1.028.785 |
| Skattskuld | | 317.347 | 871.388 |
| Aðrar skuldir | 20 | 972.842 | 1.060.312 |
| **Skuldir samtals** | | 35.294.062 | 47.330.062 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 453.671 | 446.585 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 5.613.509 | 5.499.634 |
| Lögbundinn varasjóður | | 101.750 | 101.750 |
| Ójafnað tap | | ( 1.429.945) | 2.894.587 |
| **Eigið fé samtals** | 21 | 4.738.985 | 8.942.556 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 40.033.047 | 56.272.617 |

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2009

| Breytingar á eigin fé 1.1. - 30.6.2009 | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Ójafnað tap | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 31.12.2008 .................................. | 446.585 | 5.499.634 | 101.750 | 2.894.606 | 8.942.575 |
| Seld og keypt eigin bréf ............................ | 7.086 | 113.875 | | | 120.961 |
| Tap tímabilsins ......................................... | | | | ( 4.324.552) | ( 4.324.552) |
| **Eigið fé 30.6.2009** | 453.671 | 5.613.509 | 101.750 | ( 1.429.945) | 4.738.985 |

| Breytingar á eigin fé 1.1. - 30.6.2008 | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögb. varasj. | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 31.12.2007 .................................. | 449.905 | 5.672.892 | 101.750 | 2.093.972 | 8.318.519 |
| Keypt eigin bréf ......................................... | ( 820 ) | ( 19.852 ) | | | ( 20.672 ) |
| Tap tímabilsins ......................................... | | | | ( 870.964 ) | ( 870.964 ) |
| Greiddur arður til hluthafa ........................ | | | | ( 296.282 ) | ( 296.282 ) |
| **Eigið fé 30.6.2008** | 449.085 | 5.653.040 | 101.750 | 926.726 | 7.130.601 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2009

| | Skýr. | 1.1.-30.6 2009 | 1.1.-30.6 2008 |
|---|---|---|---|
| Handbært fé til rekstrar | | ( 626.838) | ( 550.321) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 6.693.519 | ( 22.897.717) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 6.244.907) | 22.214.886 |
| Lækkun handbærs fjár | | ( 178.225) | ( 1.233.153) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 194.296 | 1.351.424 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 16.071 | 118.271 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

VBS fjárfestingarbanki hf. er skráður með lögheimili í Reykjavík. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðuárshlutareikning VBS fjárfestingarbanka hf. og dótturfélaga hans, sem vísað er til í heild sem bankinn. Bankinn býður fjármálaþjónustu til fyrirtækja, fagfjárfesta, félagasamtaka og einstaklinga. Þjónustan felst í útlánum, verðbréfamiðlun, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf. Bankinn er með skuldabréf skráð á markaði.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga. Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2008.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem bankinn beitir í þessum árshlutareikningi eru þær sömu og var beitt við gerð ársreiknings fyrir árið 2008.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill bankans. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## 4. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti bankans sem annaðhvort selur vöru eða veitir þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða selur vörur eða veitir þjónustu innan tiltekins landssvæðis (landssvæðisstarfsþáttur), sem er háður áhættu og ávinningi sem eru frábrugðnir áhættu og ávinningi annarra starfsþátta. Bankinn skilgreinir starfsemina sem eftirfarandi starfsþætti: útlánastarfsemi, eigin viðskipti og fjárstýring, eignastýring og önnur starfsemi.

| **1.1.-30.6 2009** | Útlána-starfsemi | Eigin viðskipti og fjárstýring | Eignastýring | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur................ | 268.619 | ( 793.909) | ( 4.943) | ( 826.289) | ( 1.356.522) |
| Hreinar þóknanatekjur.......... | 32.638 | ( 2.270) | 20.844 | 20.397 | 71.609 |
| Hrein gjöld af fjáreignum....... | 13.524 | ( 276.103) | ( 6.267) | 59.239 | ( 209.608) |
| Aðrar tekjur........................... | 1.099.503 | 682.388 | 19.845 | 572.334 | 2.374.070 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | 1.414.284 | ( 389.894) | 29.479 | ( 174.319) | 879.549 |
| Rekstrarkostnaður................ | ( 37.287) | ( 15.433) | ( 23.978) | ( 488.364) | ( 565.061) |
| Virðisrýrnun.......................... | ( 4.760.607) | 0 | 0 | ( 430.577) | ( 5.191.184) |
| **Samtals gjöld** | ( 4.797.893) | ( 15.433) | ( 23.978) | ( 918.941) | ( 5.756.245) |
| **Tap fyrir skatta** | ( 3.383.609) | ( 405.327) | 5.501 | ( 1.093.260) | ( 4.876.696) |
| Tekjuskattur.......................... | 346.694 | 31.983 | ( 672) | 174.140 | 552.144 |
| **Tap tímabilsins** | ( 3.036.915) | ( 373.345) | 4.828 | ( 919.120) | ( 4.324.552) |

| Starfsþáttaeignir | Útlána-starfsemi | Eigin viðskipti og fjárstýring | Eignastýring | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé og útlán............ | 19.133.461 | 8.755.962 | | 12.603 | 27.902.026 |
| Aðrar fjáreignir...................... | | 504.311 | 116 | 309.314 | 813.741 |
| Aðrar eignir.......................... | | | 5.388 | 11.311.892 | 11.317.280 |
| **Samtals eignir** | 19.133.461 | 9.260.273 | 5.504 | 11.633.809 | 40.033.047 |
| **Starfsþáttaskuldir** | | | | | |
| Lántaka og víkjandi lán.......... | 14.188.815 | 8.041.778 | 49.103 | 11.724.176 | 34.003.873 |
| Aðrar skuldir......................... | 35.662 | 440.086 | 468.743 | 345.698 | 1.290.189 |
| **Samtals skuldir** | 14.224.477 | 8.481.864 | 517.847 | 12.069.874 | 35.294.062 |
| Eigið fé................................. | 4.908.984 | 778.409 | ( 512.343) | ( 436.065) | 4.738.985 |
| **Samtals skuldir og eigið fé** | 19.133.461 | 9.260.273 | 5.504 | 11.633.809 | 40.033.047 |

Landfræðileg skipting er skilgreind af yfirstjórn bankans sem einn starfsþáttur. Öll starfsemin fer fram í einni starfsstöð á Íslandi og því er ársreikningnum ekki skipt niður á landfræðilega starfsþætti.

### 5. Arðstekjur

| Arðstekjur greinast þannig: | 1.1.-30.6 2009 | 1.1.-30.6 2008 |
|---|---|---|
| Arðstekjur af veltufjáreignum.......... | 30 | 2.981 |
| Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði.......... | 62.563 | 56.214 |
| | 62.593 | 59.196 |

### 6. Hrein gjöld af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

| Hrein gjöld af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig: | 1.1.-30.6 2009 | 1.1.-30.6 2008 |
|---|---|---|
| Skuldabréf og tengdar afleiður.......... | ( 40.587) | 82.602 |
| Hlutabréf og tengdar afleiður.......... | ( 317) | ( 296.101) |
| Framvirkir gjaldeyrissamningar.......... | 0 | ( 73.292) |
| | ( 40.904) | ( 286.791) |

### 7. Hrein gjöld af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur

| Hrein gjöld af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur greinast þannig: | 1.1.-30.6 2009 | 1.1.-30.6 2008 |
|---|---|---|
| Afleiður.......... | 0 | 3.413 |
| Hlutabréf.......... | ( 168.704) | ( 400.722) |
| | ( 168.704) | ( 397.309) |

### 8. Aðrar tekjur

Meðal annarra tekna er færður hreinn hagnaður sem myndast meðal annars í skuldauppgjörum við lánardrottna bankans. Nema áhrif þessa 2,2 milljörðum króna.

### 9. Starfsmannamál

| | 1.1.-30.6 2009 | 1.1.-30.6 2008 |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu umreiknað í heilsársstörf.......... | 40 | 42 |
| Fjöldi stöðugilda miðað við heilsdagsstörf í lok tímabilsins.......... | 38 | 42 |

## 10. Virðisrýrnun

| Virðisrýrnun sundurliðast þannig: | 1.1.-30.6 2009 | 1.1.-30.6 2008 |
|---|---|---|
| Virðisrýrnun útlána | 3.932.239 | 616.343 |
| Virðisrýrnun fullnustueigna | 430.577 | 148.631 |
| Virðisrýrnun eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 828.368 | 0 |
| | 5.191.184 | 764.974 |

## 11. Handbært fé

| Handbært fé greinist þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Sjóður og bankainnstæður | 16.071 | 194.296 |
| | 16.071 | 194.296 |

## 12. Útlán og kröfur

| Útlán og kröfur greinast þannig eftir útlánsformum: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Lánasamningar | 20.506.205 | 23.031.075 |
| Skuldabréf | 7.259.271 | 7.689.164 |
| Víxileign | 1.260 | 1.260 |
| Önnur útlán | 2.181.048 | 3.006.350 |
| Afskriftareikningur útlána og krafna | ( 10.814.323) | ( 7.285.041) |
| | 19.133.461 | 26.442.809 |

| Útlán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Atvinnugreinar: | | |
| Iðnaður og byggingarstarfsemi | 23,9% | 21,8% |
| Eignarhaldsfélög | 11,2% | 10,8% |
| Þjónustustarfsemi | 54,2% | 50,8% |
| Annað | 4,7% | 10,8% |
| Einstaklingar | 6,0% | 5,8% |
| | 100,0% | 100,0% |

Framangreind flokkun byggir á ÍSAT atvinnugreinaflokkuninni. Félög í fasteignarekstri flokkast með þjónustustarfsemi samkvæmt þeirri flokkun.

Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:

| | Sérstakur | Almennur | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur í ársbyrjun | 7.327.527 | 155.176 | 7.482.703 | 394.454 |
| Virðisrýrnun útlána á tímabilinu | 3.234.609 | 697.630 | 3.932.239 | 6.807.853 |
| Endanlega töpuð útlán og kröfur | ( 629.805) | | ( 629.805) | ( 243.635) |
| Innkomið áður afskrifað | 29.186 | | 29.186 | 326.368 |
| Afskriftareikningur í lok tímabilsins | 9.961.516 | 852.806 | 10.814.322 | 7.285.041 |

| | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána sem hlutfall af útlánum | 36,1% | 21,6% |

## 13. Veltufjáreignir

| Veltufjáreignir greinast þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum | 0 | 851.762 |
| Skuldabréf útgefin af fjármálastofnunum | 0 | 934.047 |
| Hlutabréf | 309.430 | 288.742 |
| | 309.430 | 2.074.551 |

## 14. Aðrar fjáreignir á gangvirði

| Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur greinast þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 46.601 | 45.757 |
| Hlutabréf | 457.710 | 1.269.387 |
| | 504.311 | 1.315.144 |

## 15. Viðskiptavild

| Breytingar á viðskiptavild greinast þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 0 | 693.375 |
| Virðisrýrnun | 0 | ( 693.375) |
| Staða í lok tímabilsins | 0 | 0 |

## 16. Fastafjármunir til sölu

| Fastafjármunir til sölu greinast þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Fullnustueignir | 5.269.336 | 5.304.662 |
| Aðrar fasteignir | 849.540 | 849.540 |
| | 6.118.876 | 6.154.202 |

Fullnustueignir samanstanda af eignum sem bankinn hefur innleyst til fullnustu krafna. Þessar eignir eru í tímabundinni eigu bankans og eru sýndar í efnahagsreikningi eftir að tekið hefur verið tillit til virðisrýrnunar.

## 17. Aðrar eignir

| Aðrar eignir greinast þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 2.364 | 14.453 |
| Ýmsar eignir | 43.640 | 308.268 |
| | 46.003 | 322.721 |

## 18. Lántaka

| Lántaka greinist þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Lán frá fjármálafyrirtækjum | 9.058.354 | 21.416.109 |
| Útgefin skuldabréf | 4.598.549 | 5.063.271 |
| Útgefnir víxlar | 145.808 | 814.581 |
| Ríkissjóður Íslands | 19.058.344 | 17.075.616 |
| | 32.861.056 | 44.369.577 |

## 19. Víkjandi lán

Öll víkjandi lán eru verðtryggð og teljast til eiginfjárþáttar B.

| Víkjandi lán greinast þannig: | Vextir | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|---|
| Víkjandi lán á gjalddaga 1. september 2014 | 6,3% | 291.552 | 266.865 |
| Víkjandi lán á gjalddaga 5. janúar 2016 | 6,0% | 317.620 | 304.101 |
| Víkjandi lán á gjalddaga 1. desember 2018 | 10,0% | 533.645 | 457.819 |
| | | 1.142.817 | 1.028.785 |

## 20. Aðrar skuldir

| Aðrar skuldir greinast þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Óuppgerð verðbréfaviðskipti | 625.327 | 240.729 |
| Viðskiptaskuldir | 300.044 | 486.459 |
| Skuldir við tengd félög | 0 | 126.582 |
| Aðrar skuldir | 47.471 | 206.543 |
| | 972.842 | 1.060.312 |

## 21. Eigið fé

Nafnverð útgefins hlutafjár er 454,8 millj. kr. þar af á bankinn sjálfur eigin bréf að nafnverði 1,2 mkr.

Eigið fé í lok tímabilsins nemur 4.739 milljónum króna eða um 11,8% af niðurstöðutölu efnahagsreikningsins. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 15,2% en má lægst vera 8,0%.

| Krafan um eigið fé vegna einstakra áhættuþátta reiknast þannig: | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Útlánaáhætta | 2.625.098 | 3.989.664 |
| Markaðsáhætta | 266.103 | 392.640 |
| Rekstraráhætta | 212.483 | 212.483 |
| | 3.103.684 | 4.594.787 |
| Eigið fé | 4.738.985 | 8.942.556 |
| Víkjandi lán | 1.142.817 | 1.028.785 |
| | 5.881.802 | 9.971.341 |
| Eigið fé umfram lagakröfur | 2.778.118 | 5.376.554 |
| Eiginfjárhlutfall skv. Basel II | 15,2% | 17,4% |

Fjármálaeftirlitið hefur kynnt bankanum efni óinnleiddar tilskipunar Evrópusambandsins þar sem fjallað er um meðferð núvirðisáhrifa ívílnandi kjara fjárskuldbindinga fjármálafyrirtækja. Verði af innleiðingu þessa ákvæðis hér á landi kann sú innleiðing að hafa áhrif til lækkunar á CAD eiginfjárhlutfalli bankans. Verði ákvæði tilskipunarinnar leidd í lög, mun hún ekki hafa áhrif til lækkunar á bókfærðu eigin fé bankans.

# Skýringar, frh.:

## 22. Utan efnahagsreiknings

Bankinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og greinast þær þannig:

| | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 1.099.580 | 1.909.793 |

Bankinn hefur eignir viðskiptamanna í vörslu og eignastýringu. Þessir liðir greinast þannig:

| | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Eignir í stýringu | 13.119.431 | 10.333.958 |
| Eignir í vörslu | 3.757.793 | 6.508.727 |

## 23. Veðsettar eignir

Eignir hafa verið veðsettar fyrir eftirfarandi skuldum:

| | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Ríkissjóður Íslands | 19.058.344 | 17.075.616 |
| Endurhverf verðbréfakaup við Seðlabankann | 0 | 6.337.287 |
| Landsbanki Íslands | 0 | 6.515.026 |
| Virðing hf. | 279.100 | 270.508 |
| Skuldbindingar dótturfélaga | 4.021.970 | 1.558.189 |
| | 23.359.414 | 31.756.626 |

## 24. Gjaldmiðlagreining eigna og skulda

Eignir og skuldir bankans greinast þannig eftir gjaldmiðlum þann 30.6.2009:

| | ISK | CHF | JPY | Aðrir gjaldmiðlar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé | 13.216 | 4 | 175 | 2.676 | 16.071 |
| Kröfur á lánastofnanir | 8.752.494 | | | | 8.752.494 |
| Útlán og kröfur | 18.230.831 | 379.688 | 281.340 | 241.602 | 19.133.461 |
| Veltufjáreignir | 6.303 | | | 303.127 | 309.430 |
| Aðrar eignir á gangvirði | 499.927 | | | 4.384 | 504.311 |
| Eignarhlutir í félögum | 62.539 | | | | 62.539 |
| Rekstrarfjármunir | 92.652 | | | | 92.652 |
| Fjárfestingaeignir | 4.997.211 | | | | 4.997.211 |
| Fastafjármunir til sölu | 6.118.876 | | | | 6.118.876 |
| Aðrar eignir | 36.216 | 1.565 | | 8.222 | 46.003 |
| **Eignir samtals** | 38.810.264 | 381.257 | 281.516 | 560.011 | 40.033.047 |
| | | | | | |
| Lántaka | 32.861.056 | | | | 32.861.056 |
| Víkjandi lán | 1.142.817 | | | | 1.142.817 |
| Skattskuld | 317.347 | | | | 317.347 |
| Aðrar skuldir | 504.098 | | | 468.743 | 972.842 |
| **Skuldir samtals** | 34.825.319 | 0 | 0 | 468.743 | 35.294.062 |

## 25. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningi 30. júní 2009.